

Efni: Athugasemdir vegna deiliskipulagsbreytinga á hafnarsvæði Húsavíkur

„Í upphafi skyldi endinn skoða“

Sem íbúi steinsnar frá umræddu svæði óska ég að koma eftirfarandi á framfæri og að það verði tekið til greina.

Undirritaður er fæddur á Húsavík en bjó fram að 15 ára aldri í Mývatnssveit en flutti til Húsavíkur og hefur búið þar meira og minna síðan haustið 1990. Ég þekki því umbreytingar samfélaga í kjölfar lokunar stórra einsleitra vinnustaða ekki síður frá mínum bernskuslóðum heldur einnig þá sögu sem ég hef upplifað á Húsavík á þeim rúmlega þremur áratugum sem ég verið viðloðandi staðinn. Samfélagið á Húsavík hefur orðið fyrir mörgum stórum áföllum á þessum áratugum þar sem stór fyrirtæki hafa lagt upp laupana en á sama tíma hefur byggst upp nokkuð fjölbreytt samfélag sem laðar til sín menntað fólk úr ýmsum áttum, innlent sem erlent. E.t.v. má segja að Húsavík sé komin fyrir vind og þar skorti frekar húsnaði en atvinnutækifæri eins og staðan er í dag.

Ég tel að forsendurnar til að úthluta lóð fyrir risaverksmiðjuhúsnaði á umræddum stað séu byggðar á veikum grunni og þar sé ekki búið að reikna dæmið til enda og afleiðingar þess. Ekki liggur nýtingarleyfi fyrir og engar hlutlausar rannsóknir farið fram á áhrifum á viðkvæmt vistkerfið og því allt eins víst að menn verði á endanum gerðir hornreka með þetta líkt og í Skotlandi þar sem þessum aðilum hefur verið úthýst. Ég velti fyrir mér hvort dæmið hafi sömuleiðis verið reiknað til enda þ.e. hvort lóðagjöld séu nema brot upp í þann gríðarlega kostnað sem felst í sjálfum lóðaframkvæmdum, vatns-, hita- og fráveituframkvæmdum. Hvað kostar t.d. að leiða heitavatns lögnina í gegnum hafnarsvæðið, hve langan tíma tekur það og hvert er tjónið fyrir annan atvinnurekstur á því svæði meðan á stendur?

Mér finnst ég geta lesið milli línanna í áformum Íslandsþara að hér sé fyrst og fremst fyrirhuguð löndun og þurrkun um 40.000 tonna ársafla af stórþara og miðað við að nefnt var að um 40% starfa væru fyrirhuguð á Húsavík má velta fyrir sér hvort það séu hátæknistörfín sem tengjast rannsóknum, vöruþróun, sölu- og markaðsmálum sem og almennri stjórnun fyrirtækisins.

Á kynningarfundum á Fosshótel Húsavík síðla árs 2022 var dregin upp glansmynd af viðarklæddu stórhýsi með listamannalífi í kring og hvergi var að sjá bíl, fiskikar, ruslagám eða nokkuð tengt starfsemi utandyra. Ég óttast að raunveruleikinn verði annar og vitað er að þrívíddarmyndir hafa ekkert skipulagslegt gildi og þó fjármagnið sé þolinmótt að sögn hlýtur skemman að verða byggð á sem hagkvæmastan hátt og þá er ekki að spyrja að, að ásýnd „Beinabakkans“ sem og norðurbæjarins og í raun miðbæjarins alls verður ekki svipur hjá sjón. Þá er óupptalin öll sú óvissa sem fylgir hugsanlegri lyktar-, hljóð-, og eiturefnaþingunum sem af getur hlotist.

Það er þó eitt umfram annað sem undirritaður hefur mestar áhyggjur af og er það þá ekki tengt staðsetningu verksmiðjunnar, hvort hún yrði í Eyjafirði, Þistilfirði, Haukamýri, Bakka eða miðbæ

Húsavíkur. Það er hið gríðarlega inngrip í náttúruna sem ljóst er að verið er að gefa grænt ljós á, án nokkurra alvöru rannsókna eða umhverfismats.

Á fyrrnefndum kynningarfundum var talað um að fjármagnið væri þolinmótt (Landsbréf ef ég man rétt) og þá legg ég eindregið til að fara hægar í sakirnar, byrja smátt og með alvöru rannsóknum með lítilli tilraunavinnslu þar sem allir þættir yrðu skoðaðir gaumgæfilega áður en lengra yrði haldið. Ef fjármagnið er þolinmótt hlýtur sveitarfélagið að geta verið það líka því að hvorki kalla atvinnleysistölur né vannýtt húsnæði á að rasað verði um ráð fram.

Virðingarfyllt,

Heimir Harðarson
kt. 0603754109
Höfðavegi 5b
Húsavík